

Samþykkt

um kynbætur nautgripa í Mosvallahreppi.

Sýslunefndin í Vestur-Ísafjarðarsýslu hefir samkvæmt lögum nr. 20 frá 20. október 1905, gert eftirfarandi samþykkt um kynbætur nautgripa í Mosvallahreppi.

1. gr.

Í Mosvallahreppi, að undanskildum Mosdal og Valþjófsdal, má ekkert graðneyti eldra en 5 mánaða ganga laust, nema það sje í öruggu hliðarhafti, eða annari fullgildri gæslu þannig að það geti eigi komist að neinni kú á nefndu svæði nema með vilja og vitund eiganda kýrinnar. Ákvæði þetta gildir um öll graðneyti, sem hittast á samþyktarsvæðinu, eins þótt eigandi sje búsettur utan þess.

Skaðabætur fyrir brot á grein þessari skal fara með eftir mati tveggja óvilhallra manna. Og kýs kærandi annan matsmanninn, en kærði hinn. Vilji kærði eigi útnefna matsmanninn, þá útnefnir kærandi báða. Komi matsmennirnir sjer eigi saman, þá nefna þeir sjer oddamann og verði þeir eigi ásáttir um hann, kveður sýslumaður oddamann.

2. gr.

Á ofan nefndu svæði skal kosin þriggja manna eftirlitsnefnd til þriggja ára, og getur enginn, sem er ekki 60 ára að aldri, skorast undan kosningu; skal nefndin kosin af kúaeigendum á samþyktarsvæðinu. Eftirlitsnefndin skal sjá um að ávalt sjeu til naut nægilega mörg til undaneldis af góðu kyni handa kúm þeim, sem til eru á nefndu svæði, og sjeu þau geymd á hentugum stöðum. Einnig skal hún hafa vald til að ákveða bolatolla og gjalddaga á þeim. Ennfremur ber henni að hafa eftirlit með að fyrirmælum samþyktar þessarar sje hlýtt.

3. gr.

Eigi má nota yngri naut en $1\frac{1}{2}$ árs til undaneldis. Enginn á samþyktarsvæðinu má hafa önnur naut til undaneldis en þau, er nefndin hefir valið, en þó má eftirlitsnefndin veita undanþágu frá því að nota hin völdu naut, ef sjerstakar ástæður mæla með því.

4. gr.

Graðneyti, sem valin eru til undaneldis, skulu vera hraust og þroskamikil, og af besta kyni, sem kostur er á. Fóðrun og hirðing kúa og nauta, sem ætluð eru til undaneldis skal vanda sem allra best. Skyldur er hver kýreigandi á sam-

þyktarsvæðinu, að láta fala bolakálfa til undaneldis, ef óskað er, gegn skaðlausu endurgjaldi.

95
19. sept.

5. gr.

Á samþyktarsvæðinu skal eftirlitsnefndin útvega eftirlitsmann svo fljótt, sem því verður við komið, er ferðist um til að leiðbeina mönnum með samning skýrslanna og annað það er að skyldum þeirra gagnvart samþyktinni lýtur. Hann skal hafa meðferðis fitumæli til að mæla fitumagn mjólkur og leiðbeina mönnum í mjaltaaðferð og fyrirkomulagi á byggingu fjósa. Kostnaði við þenna eftirlitsmann, að svo miklu leyti sem hann borgast eigi af Búnaðarfélagi Íslands eða öðrum opinberum sjóði, skal skift niður á kúaeigendur eftir kúatölu. Á ferðalögum eru allir kúaeigendur skyldir að fæða eftirlitsmanninn, og veita honum fararbeiða ókeypis er hann þarf með.

6. gr.

Á samþyktarsvæðinu eru allir kúaeigendur skyldir að halda nákvæmar fóður- og mjólkurskýrslur, eftir fyrirmyndum, sem eftirlitsmaður lætur af hendi. Ættartölubækur kúa skal hver kúaeigandi halda, og er eftirlitsmaður einnig skyldur að leiðbeina með færslu slíkra bóka.

7. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða frá 5 til 50 króna sekt er rennur í sveitarsjóð.

8. gr.

Brot gegn samþykt þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

Samþykt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi 1. nóvember 1914, og birt til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 19. september 1914.

Sig. Eggerz

Jón Hermannsson,